

Það fer alltaf í taugarnar á mér þegar menn ræða um lest á milli flugstöðvarinnar í Keflavík og umferðarmiðstöðvarinnar í Reykjavík, því það eru engin vandamál með farþegaflutninga á þeirri leið - hana fara einkareknar rútur eins oft og þarf á tiltölulega sanngjörnu verði. En að leggja járnbrautarteina um Suðurnesin er bara barnaleikur á við það þegar það þyrfti að fara að lyfta þeim yfir eða fara undir þetta byggð í Reykjavík, svo því fyrr sem við látum af þessum óraunhæfu hugmyndum því betra. En til allrar hamingju þá hef ég hugmynd um hvernig við getum komið okkur upp Vatnsmýrar-station strax á morgun, en hún er einfaldlega að nota þessa trucka sem eru bara vél og stýrishús til að draga lest af vögnum á gúmmíhjólum, og þá vantrúðu get ég fullvissað um að gamalreynd og einföld beygjutenging á milli fram og afturöxuls gerir það að verkum að slíka lest mætti keyra um hlykkjótt stræti - en það reyndi þó ekkert á það í þessu tilfelli þar sem ekið væri beina leið á milli flugstöðvarinnar og endastöðvar í Reykjavík.

En vandamálið er ekki þarna; það má bæta endalaust við rútum til að koma túristunum fljótt og vel til Reykjavíkur, og mér skilst að það séu þegar sérstakar rútur sem fara beint á helstu hótelin - vandamálið snýr að okkur innfæddum þegar við erum að fara til útlanda. Það er að vísu gamall og góður siður að vinur eða ættingi taki að sér að keyra fólk uppá völl—arfur frá þeirri tíð þegar slík ferðalög þóttu mikil ævintýri—og Reykjanesbrautin er líka full af bílum alla morgna sem eru á leið til geymslu á langtímastæði. En ef einhverstaðar er þörf á almannasamgöngum þá er það hér, því það eru engar almannasamgöngur að menn þurfi að keyra á einkabíl tugi kílómetra til að komast á rútustöð vestur í bæ.

En þegar ég fer að heimsækja strákana mína í Þrándheimi (sem er borg á stærð við Reykjavík) þá gengur sérstakur strætó um bæinn, og þá grípur maður töskurnar annaðhvort inn með sér eða að bílstjórinn kemur út og opnar hliðarhólf - en það er ekki neinn sambærilegur kostur í strætisvagnakerfinu hérna. Svo sem fyrsta kost þá legg ég til að það fari léttvagnar um helstu strætisvagnaleiðir á álagstímum fyrir flug, og safni upp farþegum og skili að "lestinni". Þessir vagnar gætu verið tiltölulega fljótir í förum því það væri varla nema á tíundu hverri stoppustöð sem fólk með ferðatöskur biði, og ef að t.d. 500 króna fargjald (fyrir utan 2000 í "lestina") dygði ekki til fyrir kostnaði þá væri allt í lagi að styrkja slíka vagna með opinberu fé eins og aðrar almannasamgöngur. Því þjóðhagslegi ávinningurinn við að losna við hundruð af bílum af Reykjanesbrautinni—og sleppa við stækkun og aukin umsvif á langtímastæðum á Keflavíkurvelli—gæti verið mikill.

En þegar ég ferðaðist með lestum um Evrópu þá heillaðist ég af hvernig þær gátu bætt við sig vögnum og fækkað eftir þörfum, og t.d. tóku þær oft aftan í sig vagna sem voru að koma frá öðrum stöðum, og skildu á sama hátt eftir aðra sem voru á leið á annan áfangastað. Og dráttarvagninn gat tengst við hvorn endann á lestinni sem var, og ég held að þeir hafi yfirleitt verið rafknúnir. En þetta var bara útúrdúr, því mín hugmynd er að lest með nokkrum vögnum (kannski bara 2-3) leggi af stað frá t.d. Mosfellsbæ og aki um Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, en með nokkrum góðum skýlum á leiðinni (brautastöðvum). Í tengslum við þessi skýli væru svo vagnar sem sem færu um helstu strætisvagnaleiðir til að safna upp farþegum (en kannski þyrfti þess ekkert - það færi eftir leiðinni sem lestin færi).

En ég veit ekki hvort mig var að dreyma, en mér fannst að ég heyrði í fréttum fyrir ekkert svo löngu einhverja umæðu um lestir á gúmmíhjólum, og það bendir þá til að við þurfum ekkert að finna upp hjólið enn á ný heldur séu til í útlöndum einhverjar lausnir sem við getum notað. En ég hef náttúrlega eigin hagsmuni fyrir himinn, og eftir að hafa lent í því tvö ár í röð að paufast á bílnum mínum í hríðarbyl á leið til Kanarí þá vantar mig eitthvað opinbert batteri til að taka ábyrgðina af mér.